

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2014

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992, þingskjal 31-31. mál.

Varðandi fyrstu gr. frumvarpsins sem fjallar um að ábyrgð ábyrgðarmanns falli niður þegar hann nær 67 ára aldri að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Samiðn mælir með að þessi breyting verði gerð á lögnum, þ.e. að ábyrgðin verði felld niður við 67 ára aldur með þeim skilyrðum sem fram koma í greininni.

Varðandi aðra gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að heimilt sé að fella niður skuld vegna langvarandi veikinda, fötlunar eða örorku lántakanda vill Samiðn taka eftirfarandi fram.

Samiðn styður að þegar lántakandi verður fyrir varanlegri örorku sé réttlætanlegt að fella niður skuldina.

Varðandi það að um langvarandi veikindi sé að ræða væri eðlilegt að fella niður greiðslur meðan á veikindum stendur en ef einstaklingur nær aftur heilsu og hans tekjumöguleikar eru óskertir eru tæplega rök fyrir að skuldin sé felld niður að öllu leyti. Sama má segja um ef lántakandi fatlast þá væri eðlilegt að horfa til þess hvað tekjumöguleikar hans hafi skerst og lækka skuldina til samræmis við það.

Hvað varðar að taka upp þá megin reglu að fella niður lán við 67 ára aldur lántakandans að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er mikilvægt að horfa almennt á stöðu lántakenda. Samiðn telur að skoða þurfi þennan hluta frumvarpsins mun betur m.a með tilliti til jafnræðis lántakenda og ef slíkt yrði gert verði horft til eigna og tekna. Einnig er mikilvægt að horfa til þeirrar staðreyndar að námslán eru eingöngu fyrir afmarkaða hópa og af því leiðir að ekki eiga allir þess kost að taka námslán til framfærslu meðan á námi stendur. Einnig ber að horfa til þess að hér er verið að gera tillögu um útteilingu ákveðinna lífsgæða, þ.e. að fella niður skuldir, sem fjármagnaðar eru af ríkinu og bera mun lægri vexti en almenningur á kost á.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



Þorbjörn Guðmundsson